

Staðfesting konungs á skipulagsskrá fyrir Sjúkrasjóð Kvenfélags Seyðis- 4
fjarðar í Seyðisfjarðarkaupstað, útgefin á venjulegan hátt ad mandatum af dóms- 2. jan.
og kirkjumálaráðherra 2. janúar 1936. Skipulagsskráin er þannig:

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Sjúkrasjóð Kvenfélags Seyðisfjarðar í Seyðisfjarðarkaupstað.

1. gr.

Sjóðurinn heitir „Sjúkrasjóður Kvenfélags Seyðisfjarðar“.

2. gr.

Sjóðurinn er stofnaður með 100 króna gjöf frá konunni Jóhönnu Ketilsdóttur, fyrstu forstöðukonu sjúkrahússins á Seyðisfirði, og með 100 króna til-
lagi frá kvenfélaginu, sem svo síðan hefir aukið hann á ýmsan hátt, og var sjóð-
urinn við árslok 1933 orðinn að upphæð kr. 5868,98.

3. gr.

Tilgangur sjóðsins er að styrkja hjáparþurfa sjúklinga, sem heimili eiga í
Seyðisfjarðarkaupstað. Þó má ekki, nema alveg sérstaklega standi á, veita styrk
úr sjóðnum þeim, er njóta fátækrastyrks.

4. gr.

Sjóðurinn ávaxtast í aðaldeild Söfnunarsjóðs Íslands, og skulu allir vextir og
það annað, er sjóðnum fénast, leggjast við höfuðstólinn, þar til hann er orðinn
kr. 10000,00.

5. gr.

Þegar sjóðurinn er orðinn 10 þúsund krónur, skal einn fjórði af vöxtun-
um jafnan leggjast við höfuðstólinn, en þrem fjórðu hlutum skal árlega varið til
styrktar samkvæmt 3. grein.

6. gr.

Sjóðurinn stendur að öllu leyti undir stjórn kvenfélags Seyðisfjarðar, með-
an það starfar. Leysist félagið upp, skal stjórn sjóðsins skipuð þrem mönnum,
er jafnan séu þessir: Héraðslæknirinn í Seyðisfjarðarkaupstað, sóknarprestur-
inn í Seyðisfjarðarkaupstað og einn maður, kosinn af bæjarstjórn kaupstaðarins,
og sé hann bæjarfulltrúi.

7. gr.

Sjái stjórn sjóðsins ekki ástæðu til að veita úr sjóðnum eitthvert ár, leggjast
allir vextirnir við höfuðstólinn, en verja má þá jafnmikilli upphæð og helmingi

4 þeirra nemur, til styrkveitinga næsta ár, umfram þann hluta af vöxtum þess
2. jan. árs, sem ætlaður er til styrkveitinga. Reikningur sjóðsins skal birtur 5. hvert ár
í Lögbirtingablaðinu eftir að farið er að úthluta styrkjum. Reikningsár sjóðs-
ins skal vera almanaksárið.

8. gr.

Þegar sjóðurinn er tekinn til starfa, ber stjórn sjóðsins að færa bók yfir
eignir sjóðsins, tekjur hans og gjöld. Sjóðstjórnin skal ennfremur halda gerða-
bók og færa í hana skipulagsskrána, styrkveitingar úr sjóðnum, fundarsamþykktir
og annað, sem varðar rekstur og hag sjóðsins.

9. gr.

Leita skal konunglegrar staðfestingar á þessari skipulagsskrá.

Seyðisfirði, 2. desember 1935.

Í stjórn kvenfélags Seyðisfjarðar.

Sigríður Jensdóttir,
v.formaður.

Anna M. Jónsdóttir,
gjaldkeri.

Anna S. Þórarinsdóttir,
v.ritari.

5

13. jan.

REGLUGERÐ
um bindindisfræðslu.

Samkvæmt 23. gr. áfengisлага nr. 33, 9. janúar 1935, er hér með sett eftir-
farandi reglugerð:

1. gr.

Bindindisfræðsla er hverskonar fræðsla um eðli áfengra drykkja og áhrif
þeirra á mannlegan líkama og sálarlíf og fræðileg útskýring þeirra áhrifa, sem
áfengisnautn hefir á þjóðfélagið í heild sinni, ennfremur lýsing og skilgreining
á þeim leiðum, sem reyndar hafa verið til útrýmingar áfengisnautn, og frásögn
um baráttuna gegn áfengi utanlands og innan.

2. gr.

Bindindisfræðsla (sbr. 1. gr.) skal fara fram í öllum skólum ríkisins og öðr-
um skólum, er styrks njóta úr ríkissjóði.

3. gr.

Tilgangur bindindisfræðslunnar er:

- a) að fræða nemendurna um eðli áfengra drykkja, áhrif þeirra á einstaklingana
og þjóðlífið í heild sinni,